

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um innheimtu fjesekta þegar 94
dæmdi deyr áður en sektirnar eru greiddar eða afplánaðar. — Í póknanlegu brjefi 30. júní.
frá 19. febrúar þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, beint hingað fyrirspurn amtmanns-
ins yfir vesturamtinu um það, að hve miklu leyti fjesektir, sem einhver er í dæmdur í
hegningarskyni eða til að þröngva honum til að gegna einhverri skyldu við hið opin-
bera, sbr. almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júní 1869, 31. gr., og tilskipun frá
sama degi um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum, geti heimtast greiddar
úr búi hins dæmda, ef hann deyr, áður en sektirnar eru að fullu goldnar eða afplán-
aðar.

Af þessu tilefni skal ekki látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til pókn-
anlegrar leiðbeiningar, að spurningu þeirri, er þjer hafið borið upp, ber að álitni ráð-
gjafans að svara með nei.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á 5. gr. laga frá 95
27. febr. 1880 um skipun prestakalla. — Með póknanlegu brjefi, dags. 7. þ. m., hafið 30. júní.
þjer, herra landshöfðingi, sent hingað með meðmælum stiptyfirvaldanna erindi setts
málaflutningsmanns við landsyfirjettinn Jóhannesar Ólafssonar, parsem hann fyrir hönd
föður síns, O. E. Johnsens prófasts, fer þess á leit, að uppbót sú, 200 kr., sem Gufu-
dalsprestakalli er lögð með lögum 27. febr. 1880, 1. gr., 76, verði greidd honum fyrir far-
dagaárið 18⁸³/₈₄ með því að hann hafi, samkvæmt skipun prófasts, þjónað prestakalli
þessu um tímabil þetta ásamt eigin brauði sínu, Stað á Reykjanesi.

Í tilefni af þessu skal yður til póknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir
hlutaðeiganda þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn hefur eigi fundið ástæðu til að víkja
frá skilningi þeim á 5. gr. nefndra laga, er hann hefur látið uppi í brjefi 11. nóv. 1881,
en eptir þeim skilningi eiga uppbætur þær, sem lagðar eru prestaköllum með 1. gr. lag-
anna, þá fyrst að útborgast til viðkomandi prestakalla, er þau í fyrsta sinn eru veitt.
Þessi skilningur virðist einnig að vera sá er bezt samrýmist tilgangi laganna, sem er að
bæta svo tekjur brauðanna, að vænta megi að prestar geti fengið í hin rýrustu presta-
köll, en þarómóti ekki að auka póknunina til presta, er til bráðabirgða þjóna presta-
köllum. Sakir þessa getur hið umbeðna eigi orðið veitt.

En í tilfelli því, sem hjer er um að ræða, mælir sanngirni ef til vill með því,
að beiðandanum sje veitt einhver aukapóknun fyrir hin örðugu ferðalög, er hann hefur
orðið að hafa til að geta þjónað brauðinu, og mun ráðgjafinn því fús á að reyna til að
útvega honum slíka póknun með aukafjárveitingu, ef að þjer, herra landshöfðingi, álitnið
það nauðsynlegt, en um það eruð þjer beðinn að láta uppi póknanleg ummæli yðar og
þá ef til kemur skýra frá því um leið, með hvaða skilmálum Ólafi prófasti Johnsen hafi
verið falin prestsþjónusta í hinu umrædda brauði.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útborgun sýslumannslaun- 96
anna í Dalasýslu fyrir júnímánuð 1881. — Skiptaráðandi í dánarbúi Skúla heitins 30. júní.
sýslumanns í Dalasýslu Magnússonar hefur, eptir að þingsvitni var fengið fyrir því, að